


Kópavogsbær
Smári Smáráson,
skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. júní 2009
Tilvísun: UST20090400031/ksj

Suðurlandsvegur - tvöföldun. Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar og skipulagsfulltrúa Seltjarnarness er barst 7. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Breytingin tekur til Suðurlandsvegar frá Norðlingaholti austur að mörkum svæðisskipulagsins við sveitarfélagið Ölfus. Breytingin á svæðisskipulagi 2001 – 2024 felst í því að fyrirhugað er að Suðurlandsvegur verði tvöfaldaður með tveimur aðskildum akreinum í hvora átt og mismögum gatnamótum. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og tryggja greiða umferð um Suðurlandsveg. Breytingin markar stefnu um framkvæmd sem fellur undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og er því háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Nýi vegurinn mun liggja í núverandi vegstæði á stærstum hluta leiðarinnar.


Jarðmyndanir


Umhverfisstofnun tekur undir að huga þarf að tengingum að Heiðmörk sem liggja innan Rauðhóla. Eins og fram kemur í náttúruminjaskrá er svæðið friðlýst en í skránni segir: "**Rauðhólar, Reykjavík. Svæðið friðlýst sem náttúruvætti 1961. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 185/1974. Stærð 45 ha**". Mikilvægt er að þær tengingar séu öruggar án þess að gengið sé á jarðmyndanir. Stofnunin mun skoða þær tengingar nánar á seinni skipulagsstigum. Niðurstaða kaflans um jarðmyndanir er sú að stefnubreytingin hafi óveruleg áhrif á jarðmyndanir. Að mati Umhverfisstofnunar fer niðurstaðan að einhverju leyti eftir því hvernig til tekst með tengingar við Heiðmörk.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir þá niðurstöðu að skipulagsbreytingin muni hafa jákvæð áhrif hvað samgöngur og öryggi varðar og að umhverfisáhrif verði að mestu óveruleg enda verði vegurinn lagður í sama vegstæði og núverandi vegur. Gæta þarf sér í lagi að tengingu Suðurlandsvegar í Heiðmörk við Rauðhóla. Það svæði þar sem tengingar við Heiðmörk eru áætlaðar er afar viðkvæmt hraunsvæði og þarf að gæta þess að hraunmyndunum á svæðinu verði ekki raskað meir en orðið er.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun